

Fundur fastaráðsins Stjórn Skátaskólans

Dags: 27. 08. 2020

Fundur settur 17:30

Viðverandi. Þórhallur Helgason, Björk Norðdahl, Dagbjört Vatnsdal Brynjarsdóttir, Halldór Valberg, Inga Jona Thorisdóttir, Kolbrún Ósk Pétursdóttir

Dagskrá:

1. Covid-19
 - a. Umræða um hvernig covid-19 mun hafa áhrif á veturinn.
 - b. Eins og staðan er núna ætlum við ekki að breyta neinu en þurfum að vera tilbúin í að breyta plönunum eða finna nýjar lausnir eins og netfundi/námskeið ef þess þarf.
2. Kynning á nýrri stefnu BÍS (menntunarhlutinn) 10 mín
 - a. Björk kynnti nýja stefnumótun BÍS sem á að leggja fyrir á komandi skátapingi, kynnt var stefnan í samhengi fastaráðsins.
3. Skoðum skipulagið m.t.t. stefnunnar 10 mín
 - a. Farið var yfir þá vinnu sem að unnin hefur verið í stefnu fastaráðsins og hvaða efni er til sem hægt er að nýta inn í þá sýn sem unnin hefur verið.
 - b. Kolbrún fékk það verkefni að færa það efni sem til er inn á Teams þannig hægt sé að mappa það sem við eigum og flokka eftir stefnunni.
 - c. Erindrekar halda sínu striki í vetur og halda viðburði/námskeið
 - i. Verndum þau, Hinsegin fræðsla, Atrenna, o.fl.
4. Skipulag hjá Peppinu 5 mín
 - a. Kolbrún kynnti stöðu vinnuhóps Peppsins og rætt var hvort og hvaða stuðning fastaráðið getur veitt.
 - i. Lögð áhersla á skátaferðina á námskeiðinu í okt. Annað ekki planað.
 - b. Rætt var flæði og samheldni á námskeiðum og kennslu sem skátahreyfingin býður upp á.
 - c. Tekin var umræða um hvenær grunnþjálfun skátastarfs byrjar og hvort það þurfi að endurmennta eldri skáta.
 - d. Rætt var um dýpt fræðslunnar sem er í boði og að það þurfi að byrja fyrr þannig hægt sé að taka efnið dýpra því lengra sem þú kemst. Auk þess þarf að vera vettvangur fyrir fólk sem kemur inn á mismunandi aldri þannig það detti ekki úr.
5. Uppbygging Gilwell-leiðtogaþjálfunar 10 mín
 - a. Tekin var umræða um stöðu Gilwell þjálfunar í samhengi við aðrar þjálfanir sem bandalagið hefur veitt.
 - b. Tekin var ákvörðun um að rýna í Gilwell þjálfun betur á öðrum fundi.
6. Skipulag vetrarins - hvað viljum við gera í vetur og hvenær 20 mín
 - a. Skátun 1: Verður ekki haldið sem námskeið í vetur
 - b. Peppin: Styðja við vinnuhópinn og hvetja til að halda í vetur
 - c. Forsetamerkið: Horfa á möguleikann á þjálfun í kringum hvernig á að byrja verkefnið. Setja t.d. upp sem myndband.

- d. Heimsmarkmiðin: Gefinn verður út verkefnabæklingur, skoða þarf meiri formlega þjálfun. T.d. myndband á netinu.
 - e. Tekin ákvörðun um að halda vinnufund fastaráðsins, þar sem meðlimir ráðsins ætla að fara yfir það efni sem til er og hvort það nýtist okkur í vinnu hópsins. Undirbúin verður stefna fyrir þjálfun skáta fram að 2025. Stefna sett á að það verði klárt fyrir 1.des.
 - i. Vinnufundurinn verður 5. okt
 - ii. Kolbrún ætlar að vera búin að setja upp skjöl á Teams fyrir 28.sept
7. Önnur mál 5 mín
- a. Gerð var ósk eftir því að fá tölfraði yfir aldursbil þátttakenda seinustu ára til að samstillta markhópa.

Fundi slitið 19.20.